



# Inngangur að heimspeki

Námsáætlun, vorönn 2023

**Kennari/kennarar:**

Magnús Einarsson

**Netfang/netföng:**

[magnus.einarsson@borgo.is](mailto:magnus.einarsson@borgo.is)

**Lýsing:**

Lögð verður áhersla á almenna kynningu heimspekinnar sem fræðigreinar og á þjálfun nemenda í að beita aðferðum hennar í daglegu lífi. Þau vandamál sem heimspekingar hafa glímt við gegnum aldirnar verða kynnt til sögunnar og hugað að þeim lausnum sem hvað mesta athygli hafa vakið. Nemendur læra hvernig heimspekin skoðar heiminn (mannshugann) frá mismunandi sviðum eins og merkingarfræði og rökfræði, frumspeki, þekkingarfræði, siðfræði, tilvistarspeki og vísindaheimspeki. Það er einmitt eitt af meginmarkmiðum áfangans að fá nemendur til að íhuga hvernig þessi svið tengjast daglegu lífi fólks.

**Þekking, leikni, hæfni:**

- geti með skýrum og greinargóðum hætti gert sjálfum sér og öðrum grein fyrir hugsunum sínum og hugmyndum, bæði munnlega og skriflega.
- kynnist helstu viðfangsefnum heimspekinnar.
- þekki helstu undirgreinar heimspekinnar, svo sem frumspeki, þekkingarfræði og siðfræði, og geti lesið og greint heimspekilega texta.
- geti tekið gagnrýna afstöðu til málefna líðandi stundar og fært rök fyrir afstöðu sinni.
- geti komið auga á órökstuddar skoðanir og almennar rökvillur
- geti sett sig í spor annarra og verið umburðarlyndur gagnvart öðru fólki

**Námsmat:**

Hlutapróf (2x10%)

Útdráttur úr grein (2x8%)

Þemaverkefni (2x10%)

Kvikmyndaverkefni (3x5%)

Verkefnamappa (2x6% og 2x4%)

Athygli, virkni og frumkvæði (9%)

**Námsgögn:**

*HSP2A05 Leshefti. Háskólaprent.*

*HSP2A05 Verkefnahefti. Háskólaprent.*

*Nemendur kaupa leshefti og verkefnahefti í gegnum vefverslun Háskólaprents.*

**Aðrar mikilvægar upplýsingar:**

Áfanginn er fimm feiningar – það felur í sér að nemandi getur áætlað að heimanám verði að meðaltali um tvær klukkustundir á viku. Undir heimanám fellur að lesa reglulega í kennslubókinni fyrir hverja kennslustund.

Mikil áhersla er á verkefnavinnu í kennslustundum og á þetta við um vinnu í verkefnaheftinu.

Mikilvægt er að mæta bæði með leshefti og verkefnaheftið í kennslustundir.

Símanotkun í kennslustundum er almennt ekki leyfileg nema kennari gefi sérstakt leyfi til þess.

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	5.-6. janúar	Kynning á áfanga. Hvað er heimspeki?	
2	9.-13. janúar	Merkingarfræði og rökfræði.	
3	16.-20. janúar	Merkingarfræði og rökfræði.	Skil 1
4	23.-27. janúar	Frumspeki: Hughyggja og efnishyggja – Sókrates/Platón	
5	30. jan-3. febrúar	Frumspeki: Hughyggja og efnishyggja – Sókrates/Platón	Skil 2 Kvikmynd 1
6	6.-10. febrúar	Þekkingarfræði: raunhyggja og rökhyggja	Skóhlífadagar
7	13.-17. febrúar	Þekkingarfræði: raunhyggja og rökhyggja – Descartes/Locke	Vörðuvika I
8	20.-23. febrúar	Þekkingarfræði: raunhyggja og rökhyggja – Hume/Kant	Vorannarhlé Skil 3
9	28. febrúar-3. mars	Þemaverkefni	Hlutapróf 1
10	6.-10. mars	Þemaverkefni - Kynning	
11	13.-17. mars	Siðfræði: afleiðingasiðfræði og skyldusiðfræði	
12	20.-24. mars	Siðfræði: afleiðingasiðfræði og skyldusiðfræði	Vörðuvika II
13	27.-31. mars	Siðfræði: afleiðingasiðfræði og skyldusiðfræði	Valdagur Kvikmynd 2
14	3.-11. apríl	PÁSKALEYFI	
15	12.-14. apríl	Tilvistarspeki	
16	17.-21. apríl	Tilvistarspeki – Nietzsche, Kierkegaard og Sartre	Sumardagurinn fyrsti
17	24.-28. apríl	Tilvistarspeki – Nietzsche, Kierkegaard og Sartre	Skil 4 Kvikmynd 3
18	1.-5. maí	Þemaverkefni	Dagur verkalyðsins Hlutapróf 2
19	8.-12. maí	Þemaverkefni - Kynning	
20	15.-16. maí	Einkunnaskil	Síðasti kennsludagur/ Varða III

*Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.*

*Með von um farsæla önn,*

*Magnús*